

Búið betur

Nýtt rit sem hvorki er tímarit né dagblað

„Þetta verður hvorki dagblað né tímarit heldur eitthvað þarna á milli eða bara hvort tveggja.“ segja þau Guðmundur Karlsson og Birna Sigurðardóttir sem nú eru í þann veginn að hleypa nýju blaði af stokkunum.

„Það á að heita „Búið betur“ og fjalla um allt milli himins og jarðar sem lýtur að umhverfi okkar og heimilum. Ætlunin er að gefa blaðið út í 45 þúsund eintökum og því á að dreifa frítt inn á hvert heimili á Stór-Reykjavíkursvæðinu.“

Guðmundur og Birna hyggjast standa straum af kostnaði af rekstri blaðsins með sölu á auglýsingum en þau taka skýrt fram að blaðið eigi

ekki að vera auglýsingablað.

„Þetta eiga að vera 50 síður af upplýsingum og skemmtilegu efni og við erum í startholunum þannig að þessa dagana er verið að ganga frá lausum endum í sambandi við dreifingu, hönnun og útlit og þar fram eftir götunum.“

Hrafnhildur Sigurðardóttir mun sjá um hönnun og útlit blaðsins en Birna mun sjá um auglýsingar eins og hún gerði á NT þar sem hún vann áður. Guðmundur var eins og kunnugt er framkvæmdastjóri NT en er nú orðinn framkvæmdastjóri Bygging ásamt því að gefa út hið nýja blað.



Blaðamaður málar fólk



DIVINE

Glen Milstead er fertugur, sköllóttur og feiminn kani en verk hans eru óður til hins ógeðfella.

Guðdómlegur viðbjóður

Bandaríski listamaðurinn Devine væntanlegur til Íslands.

Í apríl er væntanlegur hingað til lands bandarískur listamaður að nafni Glen Milstead eða Devine eins og hann kys að kalla sig.

Devine kemur hingað beint úr sýningarferð í Englandi og mun koma fram bæði í Hollywood og á Hótel Borg.

Kvikmyndir með Devine hafa verið sýndar við miklar vinsældir víða um heim og þar á meðal á Íslandi. Í stuttu máli ganga þær út á hið ógeðfella í fari okkar og umhverfi.

Gagnrýnendur eru ekki á einu máli hvernig lýsa eigi sýningum og myndum Devine og John Waters sem er samverkamaður hans.

Sumir lýsa þeim sem meiriháttar listvöðburðum í heimi kabarett-sýninga en aðrir hafa lýst þeim sem hreinum vibba.


En nú fer sem sagt að líða að því að landinn geti barið Devine augum og dæmt hann eða hana fordómalaust.

„Ég tileinka Jóni Engilberts þessa sýningu en hann studdi mig með ráð og dáð þegar ég var að stíga fyrstu skrefin sem myndlistarmaður.“ segir Gísli Sigurðsson ritstjóri sem nú um helgina opnar sýningu á 69 olíumálverkum að Kjarvalsstöðum.

„Það er fólk í öllum myndunum bæði úr fortíð og nútíð en temað í þessu öllu saman mætti kalla mannfagnað.“

Gísli málar á kvöldin og um helgar þegar hann hefur ytt frá sér ritvélinni en hann ritstýrir eins og kunnugt er Lesbók Morgunblaðsins.

Hann kemur víða víð í myndum sínum sem oft og tíðum verða einskonar myndgerðar frásagnir.



Gísli Sigurðsson myndlistarmaður: „Fólk í öllum mínum myndum.“



Nágrannar í heimsókn

Í tilefni af því að Flugleiðir og Grönlandsfly hafa nú byrjað reglulegt áætlunarflug milli Íslands og Grænlands verða opnaðar um helgina sýningar bæði að Hótel Loftleiðum, Kjarvalsstöðum og í Godtháð eða Nuuk.

Sýningarnar hér heima eru tvenns konar. Annars vegar er um að ræða

sýningu þar sem brugðið er upp sýnishornum af menningu Grænlandinga og hins vegar er um að ræða eins konar vörkunnginguna að Hótel Loftleiðum og sama má segja um Íslandskynninguna í Nuuk.

Þegar Tímenn bar að garði á Kjarvalsstöðum var hópur nágranna okk-

ar úr norðrinu á þönum við að undirbúa sýninguna sem eins og áður segir verður opnuð nú um helgina.

Ætlunin er að sýna meðal annars verkmenningu svo sem smíði kajaka og grænlandskur myndhöggvari mun höggva myndir í stein á meðan á sýningunni stendur.